



Innkaupareglur Reykjavíkurborgar

Innkaupaskrifstofa

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar

Margrét Lilja Gunnarsdóttir lögfr.



Helstu breytingar

- Engar endurtekningar á lögum og reglum sem núþegar er í gildi.
 - Lög og reglur gilda ennþá og því ekki breyting í raun.
 - Aðgengilegra að þurfa eingöngu að lesa 5 bls. en ekki 20 bls.
 - Þarf enn að þekkja lög og reglugerðir um innkaup.
 - Viðmiðunarfjárhæðir eru útgefnar í reglugerð sem gefin er út að jafnaði á tveggja ára fresti og færast því sjálfkrafa á sama tíma og reglugerðabreytingar verða.
 - Óheppilegt misræmi í orðalagi milli innkaupareglna og laga mun heyra sögunni til.
- Ekki lengur óheimilt að gera ótímabundna samninga.
 - Þetta þýðir ekki að við stökkvum til og gerum alla samninga ótímabundna.
 - Þetta þýðir að í þeim tilvikum þar sem það er mun skynsamlegra að vera ekki að skipta reglulega um birgja þá verður það heimilt eins og t.d. samninga um Hlöðuna, fjárhagskerfi o.s.frv.
 - Athugið að ef gera á ótímabundna samninga þá breytast reglur varðandi útreikning á virði samningsins og því gætu sumir samningar farið úr útboðsskyldu þegar gera á ótímabundna samninga.



Verðfyrirspurnarskylda

- Verðfyrirspurnir í þeirri mynd sem áður var skilgreint er ekki skylda lengur.
 - Verðfyrirspurn eins og hún er skilgreind í gömlu reglunum er í raun eins og lokað útboð.
 - Kaupendum er heimilt að viðhafa verðfyrirspurn í þeirri mynd sem þeir eru vanir með aðstoð skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar.
- Skylda verður að gera verðsamanburð og annan samanburð milli fyrirtækja sbr. 7. gr. innkaupareglanna.
 - Verðsamanburður/verðfyrirspurn þarf að vera gerður skriflega, annaðhvort í tölvupóstsamskiptum eða með skjáskotum af heimasíðu eða bæklingum.
 - Liggja þarf fyrir staðfesting á því að áður en kaup eru framkvæmd hvernig ákvörðun um kaup voru gerð og hvernig hagkvæmismat var gert.
 - **Auknar heimildir eiga fyrst og fremst að fela í sér möguleikann á að taka réttar ákvarðanir á réttum tímapunkti.**
 - Ódýrasta verðið er ekki endilega það hagkvæmasta.



Skýra hlutverk og ábyrgð innan og milli sviða

- Kaupendur
 - Hvert svið þarf að sjá til þess að það sé fullnægjandi verklag til staðar á sviðinu þar sem skýrt er hver beri ábyrgð og er bær til töku ákvarðana í hverjum innkaupum fyrir sig.
 - Verklagið þarf að tryggja að fjárheimildir séu til staðar, þarfagreiningar og kostnaðaráætlanir. Mæla fyrir gerð innkaupagagna og gæðaeftirlit með þeim og samningsstjórnun á samningstíma.
- Þegar innkaup skiptast á milli sviða
 - Þarf að skilgreina hlutverk og ábyrgð á milli sviða áður en útboðið er auglýst.



Kostnaðaráætlanir

- Skylda að nota viðurkenndar aðferðarfræði við gerð kostnaðaráætlunar þegar þegar því verður við komið.
 - Fyrir bygginga og almennar framkvæmdir
 - Einfal að heimfæra þá aðferðarfræði við gerð kostnaðaráætlun í öðrum verkefnum.
- Stundum þarf að gera ítarlegri sundurliðaðri kostnaðaráætlun til að geta greint eðli samningsins áður en útboð er boðið út. Þá þurfa kaupendur að afhenda hana eða eftir atvikum búa hana til.



Innkaupa- og framkvæmdaráð - breytingar er varða val á samningsaðila

- Öll útboð sem eru útboðsskyld skv. lögum þurfa að fara fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð.
 - Höfnun allra samningsaðila í ofangreindum útboðum þurfa einnig að fara fyrir ráðið.
 - Heimild til beinna samningskaupa þarf að fara fyrir ráðið.
 - Einnig þarf heimild þegar enginn samningsaðili býður í opnu útboði eða þegar enginn uppfyllir hæfiskröfur.
 - Örútbóð innan rammamarknaðar og lokuð útboð innan gagnvirks innkaupakerfis sem eru yfir kr. 100.000.000,-
 - Ef heimildin um beinu samningskaupin er í samning sem fór fyrir ráðið þá þarf það ekki að fara með hann aftur fyrir ráðið.
 - Ef beinu samningskaupin eru gerð út frá hönnunarsamkeppni þar sem sérstök dómnefnd tekur ákvörðun þá fer sá samningur ekki fyrir ráðið.



Reykjavík